

um sè veitt borgun sú, sem þér hafið stungið uppá, og felur stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, og yður háæruverðugi herra, á hendur að semja handa umsjónarmanni þeim, sem settur verður, reglugjörð eins og vera ber.

1866.

4. október.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

6. nóvbr.

Með bréfi dagsettu 24. júlímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað eptirrit af prófi, sem haldið var í Mýra- og Hnappadalssýslu 25. maímán. þ. á. því til sönnunar, að Theódor Jónsson á Syðri-Hraundal og Sigurður vinnumaður Sigurðsson á Hamri í Mýrasýslu höfðu árið 1864 bjargað tveim mönnum frá að drukna, og hafið þér lagt til með, að þessum tveim mönnum, sem nú voru nefndir, verði veitt hæfileg verðlaun í peningum.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörðið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að stjórnarráðið eptir atvikum þeim, sem sannast hafa, hefir veitt áður nefndum tveim mönnum 16 ríkisdala verðlaun hvorum, og mun upphæð sú verða borguð úr jarðabókarsjóði Íslands, þegar þér krefist þess; hefir landfógetanum í dag verið skrifað það sem með þarf í því efni.

88. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um borgun til umboðsmannsins yfir Arnarstapa umboði fyrir að vera við skoðunargjörð á Íngjaldshóls kirkju.

8. nóvbr.

Í bréfi 8. júlímán. f. á. lét stjórnarráðið amtið meðal annars vita, að Árna Thorlacíus, umboðsmanni yfir Arnarstapa umboði, ekki yrði borgaður reikningur, sem hann hafði sent amtinu, fyrir fæðispeningum og ferðakostnaði hans til að vera viðstaddur